

**Ed.**

**197. Frumvarp til laga**

**[109. mál]**

um breyting á erfðalögum, nr. 42 23. maí 1949.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

3. málsliður 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ef hinn látni á engin börn eða barnabörn á lífi, en faðir og móðir hans lifandi, erfa þau hann að jöfnu. Kjörbörn og börn þeirra teljast hér sem börn og barnabörn arftaka.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú eru báðir foreldrar látnir, og taka þá afar og ömmur arfleifanda allan arf eftir hann að jöfnu, þau sem á lífi eru.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ef enginn arftaki er á lífi, sbr. 1.—5. gr., fellur arfurinn allur til Tryggingastofnunar ríkisins.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Það hjóna, sem lengur lifir, erfir einn fjórða af eignunni maka síns, ef hann á börn eða barnabörn á lífi, annars erfir það allar eignir hans.

6. gr.

8. gr. laganna falli niður.

7. gr.

11. gr. laganna falli niður.

8. gr.

18. gr. laganna ásamt fyrirsögn falli niður.

9. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Arfleifanda er ekki heimilt að ráðstafa með erfðaskrá meira en einum fjórða hluta eigna sinna.

10. gr.

28. gr. laganna falli niður.

11. gr.

Í stað orðsins „ríkissjóður“ í lok 33. gr. laganna komi: Tryggingastofnun ríkisins.

12. gr.

Fé því, sem fellur til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að koma á fót og starfrækja öryrkjastofnun, samkvæmt reglugerð, er tryggingaráð semur og ráðherra staðfestir.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Um aldir fór saman á Íslandi framfærsluskylda og erfðaréttur. Voru menn þá skyldir að sjá fyrir ættingjum, enda tækju þeir eftir þá arf. Með endurbættri félagsmálalöggjöf hafa orðið á þessu mjög verulegar breytingar. Nú er sú skylda færð meira og meira yfir á Tryggingastofnun ríkisins að framfæra þá, sem eigi megna að komast af af eigin rammleik, og þessu létt af jafnvel allra nánustu ættingjum, án þess þó að erfðaréttur þeirra sé að nokkru skertur. Þannig er t. d. efnaður aðili ekki skyldur að framfæra systkini sitt, heldur ber Tryggingastofnuninni að greiða því bætur samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Tæmist hins vegar báðum arfur, skiptist hann jafnt á milli þeirra, og alveg eins þótt arfalóð hvors um sig sé ekki nægilegt til þess að framfæra hið fátækara og það verði því að njóta áfram bóta frá Tryggingastofnuninni. Verður því tæplega á móti mælt, að hér eru úrelt lagaákvæði enn í gildi. Fjárhagur Tryggingastofnunarinnar er enn sem vænta má sá, að ógerlegt er að sinna öllum þeim verkefnum, sem æskilegt væri, að hún gæti sinnt, enda vitað, að enn eru bótaupphæðir til einstaklinga þannig, að ógerlegt er að lifa af þeim einum saman. Kemur þetta e. t. v. langharðast niður á öryrkjum, sem ekki hafa aðstöðu til þess að keppa á vinnumarkaðinum, einkum þegar mikið framboð er á vinnuafli. Með því að koma á fót öryrkjastofnun, sem veitt gæti móttöku þeim öryrkjum, sem unnið gætu lengri eða skemmri vinnudag, mætti gera hvort tveggja í senn: minnka mjög verulega þann kostnað, sem öryrkjarnir nú kosta Tryggingastofnunina, og jafnframt nota mikið vinnuafli, sem nú fer algerlega forgörðum, og þannig auka allverulega framleiðslu þjóðarinnar. Þetta er því hið mesta nauðsynjamál fyrir alla aðila. Það er ljóst, að ríkissjóður leggur ekki fram um ófyrirsjáanlegan tíma, það fé, sem til þess þarf að koma upp og starfrækja slíka stofnun, svo að nauðsynlegt er að finna einhverja aðra leið. Er því eðlilegast, að allt það erfðafé, sem aðrir erfingjar en börn og barnabörn, foreldrar, afar og ömmur eiga nú rétt á að erfa, gangi beint til Tryggingastofnunar ríkisins, til þess þar að sinna þessu mjög svo aðkallandi verkefni. Vegna þess er frv. þetta til breytinga á gildandi erfðalögum fram borið.